

**Ed.**

**288. Nefndarálit**

[170. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir 50% hækkun á þungaskatti bifreiða og 39% hækkun á benzínverði til bifreiða, hvort tveggja til tekjuöflunar fyrir Vegasjóð, og er áætlað að þetta gefi honum 284.3 millj. kr. á árinu 1971.

Þessi umframtekjupörf hans er til komin af þrennum ástæðum aðallega:

1. Tekjuáætlun hans hefur ekki staðizt á síðustu árum, aðallega vegna minni bíla-innflutnings en reiknað var með.
2. Vegna aukins tilkostnaðar við vegagerð og vegaviðhald.
3. Vegna þess að aukið hefur verið við verkefni Vegagerðarinnar frá því, sem ráðgert var í vegáætlun.

Allt þetta var vitað, þegar lög in um verðstöðvun voru sett, og þótt ráðherrar hafi látið í það skína í þingræðum við setningu þeirra laga, að þetta stæði til, þá munu þeir aðilar, sem þessar ráðstafanir bitna mest á, ekkert hafa um það vitað, að benzín-gjald og þungaskattur mundu hækka þegar á bernskuskeiði verðstöðvunartímabils-ins.

Bifreiðarstjórar og Félag íslenskra bifreiðaeigenda hafa bent nefndinni á at-hyglisverð atriði í máli þessu og við eftirgrennslan nefndarinnar hefur þetta komið í ljós:

1. Vörubifreiðarstjórar eru bundnir af samningi, er þeir hafa gert við Vinnuveit-endasambandið, þannig að þeir geta ekki breytt gjaldskrá sinni, og mundu því verða að bera hækkun þungaskattsins í rýrðum atvinnutekjum.
2. Stjórnvöld hafa ekki í hyggju að breyta gjaldskrá leigubifreiða við þær að-gerðir, sem hér eru fyrirhugaðar. Þannig er augljóst, að leigubifreiðastjórar mundu fá benzín-gjaldsáukninguna sem rýrnun á kaup sitt.
3. Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur sýnt fram á, að gjöld af bifreiðum og bifreiða-hlutum eru svo há, að ríkissjóður tekur í sínar þarfir af þeim umfram það, sem í Vegasjóð rennur, upphæðir, er numið hafa:

370 millj. kr. 1969

356 millj. kr. 1970

Ríkissjóður gæti þess vegna greitt þessa upphæð af bifreiða- og varahlutagjöld-um án þess að breyta benzín-gjaldi eða þungaskatti.

Gjaldahækkun þessa frumvarps er réttlætt með því, að til séu dæmi um álíka hátt benzínverð í öðrum löndum. Ef slíkur samanburður er réttlæting í máli sem þessu, er greinilega að því komið, að endurskoða her leyfis- og tollgreiðslu af nýjum bílum. Þau gjöld munu hvergi hærri en hér.

Ef frv. þetta verður að lögum, skapar það knýjandi nauðsyn þess, að Íslend-ingar viðurkenni þörf sína til að nota bifreiðar og lækki á þeim tolla og önnur gjöld og færi þau til samræmis við gjöld af öðrum eðlilegum notkunarvörum.

Þar eð frumvarp þetta kemur þvert á allar hugmyndir landsmanna um verð-stöðvun, er það tillaga minni hlutans, að frv. verði afgreitt með svofelldri

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Með því að frumvarp þetta sanrýmist ekki hugmyndum landsmanna um verð-stöðvun, sem skv. nýsettum lögum á að ríkja til 1. sept. 1971, og felur auk þess í sér mikið misrétti þjóðfélagsþegnanna eftir atvinnustéttum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1970.

Karl Guðjónsson.